

46.tbl.

29. nóv. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Upplifðu aðventuna í Mývatnssveit, töfralandi jólanna

LAUGARDAGUR 2. DESEMBER 2023
JÓLASVEINAHÁTÍÐIN Í MÝVATNSSVEIT

Kl. 11-14

Opnunarhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum

Heimsæktu Jólasveinana í Dimmuborgum. Sprell, söngvar og gleði svo allir komast í jólaskap! Miðasala á tix.is.

Kl. 12-17

Stóri Jólamarkaðurinn í Skjólbrekku

Fjlbreytt úrval af norðlenskri hönnun og matvöru. Stærsti markaðurinn til þessa! Kvenfélag Mývatnssveitar verður einnig með vöfllu og kakósölu.

Veljum íslenskt
í jólapakkann í ár!

Kl. 16

Jólasveinabaðið í Jarðböðunum við Mývatn

Jólasveinarnir í Dimmuborgum baða sig einu sinni á ári og eru misglafir með þá hefð. Sumir gætu hugsað sér margt annað skemmtilegra en í bað skulu þeir!



Ekki láta þig vanta í fjörið!



MÝVATN
NATURE BATHS



SPARISJÓÐURINN



Jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum í desember!

Miðasala fyrir heimsóknir og jólasveinabaðið á tix.is




JÓLASVEINARNIR Í DIMMUBORGUM

mæta í sitt árlega jólabað í Jarðböðunum
laugardaginn 2. desember kl. 16:00

MÍÐASALA Á TIX.IS



Við minnum einnig á að jólasveinarnir taka á móti gestum
í Dimmuborgum á vel völdum dögum í desember | miðasala á tix.is



Við hlökkum til að taka á móti ykkur

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN



DESEMBER OG JANÚAR Á SEL-HÓTEL MÝVATNI

Föstudagurinn 1. Desember
Auka jólahlaðborð hefst með fordrykk kl. 18:30.
Jólahlaðborð kl. 19:00

Laugardagurinn 2. Desember
Fjölskyldujólahlaðborð kl. 18:00. Jólaveinar úr Dimmuborgum koma í heimsókn. Jólaveinarnir fara í sitt árlega jólasveinabað í Jarðböðunum kl. 16:00.

Sunnudagurinn 3. Desember
Jólabrunch 12:00-14:00

Miðvikudagurinn 6. & Föstudagurinn 8. Desember
Jólahlaðborð uppselt!

Laugardagurinn 9. Desember
Fjölskyldujólahlaðborð kl. 18:00. Jólaveinar úr Dimmuborgum koma í heimsókn.

Sunnudagurinn 10. Desember
Jólabrunch 12:00-14:00

Laugardagurinn 16. Desember
50 ára afmæli Mývatns ehf 15:00-17:00. Allir velkomnir.
Léttar veitingar í boði.

Lokað 17. Desember til 17. Janúar

25.-28. Janúar
Skíðagöngu- og yoganámskeið fyrir hjón/pör

1.-4. Febrúar
Skíðagöngu- og yoganámskeið fyrir konur

Hægt er að bóka á þessa viðburði og fá frekari upplýsingar á netfanginu asdis@myvatn.is

Minum á gjafabréfin okkar. Hægt er að kaupa gjafabréfin beint á heimasíðu okkar www.myvatn.is

Aðrar upplýsingar er hægt að finna á Facebóksíðu Sel-Hótel Mývatns

Óskum öllum gleðilegrar aðventu með þökk fyrir viðskiptin á árinu



Þingeyjarsveit

34. fundur . Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 2022-2026 haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri fimmtudaginn 26. október kl. 13:00

Fundarmenn

Gerður Sigtryggisdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson
Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir
Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Úlla Árdal og
Haraldur Bóasson

Starfsmenn

Margrét Hólm Valsdóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Fundargerð ritaði: Margrét Hólm Valsdóttir

Oddviti setti fund og óskaði eftir að taka á dagskrá með afbrigðum eftirfarandi mál undir
dagskrárlíð 12 Vátryggingar minnisblað, sem dagskrárlíð 13 Staða landbúnaðar, sem dags-
krárlíð 17. Fjárfestingafélag Þingeyinga - hlutafjársla og sem dagskrárlíð 21 fundargerð 18.
fundar skipulagsnefndar. **Samþykkt samhljóða.**

1.Skýrsla sveitarstjóra – 2208031

Skýrsla sveitarstjóra flutt munnlega og til kynningar.

Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson, Kynnt

2.Sameiginleg stefnuýfirlýsing E og K lista - 2023-2026 - 2310048

Oddviti sveitarstjórnar frá E lista og oddviti K lista leggja fram sameiginlega stefnuýfirlýsingu
um framkvæmd verkefna í samræmi við stefnu listanna sem kynnt var kjósendum í aðða-
ganda sveitarstjórnarkosninga.

Til máls tóku:

Jóna Björg Hlökkversdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Hér er lögð fram sameiginleg tillaga sveitarstjórnarfólks um þau málefni og verkefni sem
brýnast er að halda áfram með og oddviti fór yfir hér á undan.

Tíminn líður hratt og mikilvægt er að hafa skýra sýn á verkefni sem eru framundan. Við
fulltrúar K lista göngum bjartsýn til þessa samstarfs og nálgumst það með þeim huga að hags-
munum sveitarfélagsins og íbúa sé betur borgið með samvinnu heldur en átökum. Það er
auðvitað þannig að vera kjörinn fulltrúi leggur þér skyldur á herðar að nálgast öll mál út frá
hagsmunum heildarinnar. Þess vegna fögnum við því að við höfum náð að ræða okkur til
lausnar á þeim ágreiningi sem vissulega hefur verið til staðar.

Undanfarnar vikur og mánuði höfum við fulltrúar E og K lista rætt saman með það að mark-
miði að skerpa á vinnubrögðum í sveitarstjórn og forgangsraða þeim verkefnum sem við
erum sammála að vinna að og það er auðvitað svo að málamiðlanir einkenna stjórnsmál og
þeim höfum við náð í þeim verkefnalista sem oddviti flutti hér áðan.

Við viljum þakka þann samstarfsanda sem skapaðist í þessari vinnu og trúum því að við séum
hér að stíga heillaskref fyrir samfélagið allt og hvetjum íbúa sveitarfélagsins og starfsfólk til að
leggjast á árar með okkur til að skipa þessu nýsameinaða sveitarfélagi í röð sveitarfélaga þar
sem það á heima.

fremst meðal jafningja."

Knútur Emil Jónasson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Viljayfirlýsing af þessu tagi er í sjálfu sér ekki mál sem þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar við í
sjálfu sér. Þetta er mál unnið af oddvita sveitarstjórnar og oddvita K lista með stuðningi undir-
ritaðs. Þetta er einfalt í sjálfu sér. Ekkert þarna hefur ekki komið fram í kynningum framboða.
Það er tilgangur okkar sem að þessari yfirlýsingu stöndum að senda þau skilaboð út í sam-

félagið að við viljum lýsa því yfir að við munum vinna saman að þeim sameiginlegu markmiðum og stefnumálum sem framboðin lögðu upp með í aðdraganda kosninga. Þetta er markmiðayfirlýsing sem tæpir á þeim málum sem við stefnum að. Í framhaldi af þessu lýsum við því yfir að við munum vinna, hvert í sínu lagi, og í sameiningu, að því að vinna ýtarlega framkvæmdaáætlun til stjórnsýslunnar.

Stjórnsýslunnar sem hefur á síðustu vikum og mánuðum verið að styrkjast verulega og okkur hefur gengið vel að fá hæft fólk til starfans. Það er þakkarvert. Þetta ber vissulega brátt að og athugasemdir borist.

Það ber að horfa til þess að viljayfirlýsing af þessu tagi heldur eins þau sem að henni standa vilja. Ég legg á það mikla áherslu að þetta sé fyrst og fremst yfirlýsing til að skýra vilja okkar til verksins, en okkur finnst mjög nauðsynlegt að samfélagið finni með áberandi hætti þann vilja okkar til að gera gott betra."

Haraldur Bóasson lagði fram tillögu fyrir sína hönd, Eyþórs Kára Ingólfssonar og Halldórs Þorláks Sigurðssonar um frestun á afgreiðslu stefnuyfirlýsingarinnar.

Til máls tóku: Eyþór Kári Ingólfsson, Árni Pétur Hilmarsson, Knútur Emil Jónasson Eyþór Kári Ingólfsson

Oddviti bar tillögu Haraldar Bóassonar til atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt af Eyþóri, Haraldri og Halldóri og sex greiddu atkvæði á móti.

Oddviti bar sameiginlega stefnuyfirlýsingu upp til atkvæðagreiðslu.

Sex samþykktu tillöguna, þrír greiddu atkvæði gegn tillögunni, Eyþór Kári Ingólfsson, Haraldur Bóasson og Halldór Þorlákur Sigurðsson.

Tillagan er samþykkt með sex atkvæðum.

Oddviti bauð Eyþóri Kára, Haraldri og Halldóri að gera grein fyrir atkvæðum sínum.

Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson

Einnig tók oddviti sveitarstjórnar til máls: Gerður Sigtryggsdóttir

Oddviti felur sveitarstjóra að birta fyrirbyggjandi stefnuyfirlýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins. Samþykkt

3. Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir - 2206018

Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi breytingar á nefndarskipan kjörtímabilið 2022-2026.

Fræðslu- og velferðarnefnd: Knútur Emil Jónasson, E-listi, formaður. Anna Bragadóttir, E-listi, aðalmaður. Arnór Benónýsson, K-listi, varamaður.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd: Snæþór Haukur Sveinbjörnsson, K-listi, aðalmaður. Sigrún Jónsdóttir, E-listi, varamaður.

Umhverfisnefnd: Árni Pétur Hilmarsson, K-listi, formaður, Sigrún Jónsdóttir, E-listi, aðalmaður. Elísabet Sigurðardóttir, K-listi, varamaður, Arnór Benónýsson, K-listi, varamaður.

Íþróttá-, tómsunda- og menningarnefnd: Eyþór Kári Ingólfsson, E-listi, aðalmaður, Sigríður Hlynur Snæbjörnsson, K-listi, aðalmaður, Úlla Árdal, K-listi, aðalmaður. Olga Hjaltalín, E-listi, varamaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson, E-listi, varamaður, Patrycja Maria Reimus, K-listi, varamaður, Snæþór Haukur Sveinbjörnsson, K-listi, varamaður.

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

Samþykkt

4. Byggðarráð – 2305033

Kosning formanns og varaformanns byggðarráðs. Lagt er til að Jóna Björg Hlökkversdóttir verði formaður og Gerður Sigtryggsdóttir varaformaður.

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Eyþór Kári Ingólfsson lagði fram tillögu fyrir sína hönd, Haraldar Bóassonar og Halldórs Þorláks Sigurðssonar um frestun á afgreiðslu á kosningu í byggðarráð.

Til máls tóku:

Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Gerður Sigtryggsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Gerður Sigtryggsdóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Árni Pétur Hilmarsson

Oddviti bar tillögu Eyþórs Kára Ingólfssonar upp til atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt af Eyþóri, Haraldi og Halldóri og sex greiddu atkvæði á móti.

Oddviti bar upp tillögu um Jónu Björg Hlökkversdóttur sem formann byggðarráðs og Gerði Sigtryggsdóttur sem varaformann upp til atkvæðagreiðslu.

Sex samþykktu tillöguna, þrír sitja hjá: Eyþór Kári Ingólfsson, Haraldur Bóasson og Halldór Þorlákur Sigurðsson.

Oddviti bauð Eyþóri Kára, Haraldi og Halldóri að gera grein fyrir afstöðu sinni.

Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson, Samþykkt

5. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - ársreikningur 2022 - 2310036

Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga(EFS) dags.13. október sl. þar sem fram kemur að eftirlitsnefndin hafi yfirfarið ársreikning fyrir árið 2022 og uppfyllir sveitarfélagið ekki öll lágmarksviðmið eftirlitsnefndar vegna rekstrar fyrir A-hluta. Viðmiðin byggja á lágmarkskröfu til að standast jafnvægis- og skuldareglu sveitarfélaga.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á það við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná framangreindum lágmarksviðmiðum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024. Mikilvægt er að gerð verði útkomuspá fyrir árið 2023 sem grunnfor-senda fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 og skilað til EFS þegar spáin liggur fyrir.

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir, Gerður Sigtryggsdóttir

Lögð er til eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn leggur áherslu á að fjárhagsstjórn sveitarfélagsins sé með ábyrgum hætti. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 verður þess gætt að ofangreind lágmarksviðmið verði virt.

Unnið er að útkomuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2023 og verður spáin send til EFS þegar hún liggur fyrir. Samþykkt

6.Viðaukar við fjárhagsáætlun 2023 - 2306013

Lagður er fram viðauki nr. 4 við fjárhagsáætlun ársins. Viðaukinn hljóðar upp á 12.830.000. Þar af eru 5.900.000 m.kr. vegna framkvæmda við slökkvistöð á Laugum, 1.500.000 m.kr. vegna hækkunar á þjónustusamningi við Mývatnsstofu og 5.430.000 vegna skólaaksturs. Viðaukinn verður fjármagnaður með handbæru fé.

Til máls tóku: Úlla Árdal vakti athygli á vanhæfi sínu. Ragnhildur Hólm vakti athygli á vanhæfi sínu. Kosið var um vanhæfi Úllu og Ragnhildar og töldust þær ekki vanhæfar til afgreiðslu málsins þar sem um er að ræða staðfestingu á áður afgreiddri ráðstöfun fjármuna. Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka að fjárhæð 12.830.000. Samþykkt

7. Stafrænt samstarf - framlög sveitarfélaga - 2310046

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 19. október sl. þar sem fram kemur yfirlit um kostnaðarþátttöku fyrir samstarf sveitarfélaga um stafræna þróun og umbreytingu.

Gert er ráð fyrir nokkru lægri fjárhæðum til samstarfsins í ár en í fyrra. Ástæðan er sú að ríkið fór ekki í tæknilega útfærslu á nokkrum samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga sem áætlað var til. Hlutur Þingeyjarsveitar fyrir árið 2024 er áætlaður 580 þ.kr. Til máls tók: Gerður Sigtryggsdóttir

Sveitarstjórn samþykkir þátttöku samkvæmt fyrirbyggjandi bréfi og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024. Samþykkt

8. Beiðni um viðræður vegna lóðar við Illugastaði - 2205002

Með vísan í 24. fund sveitarstjórnar frá 11. maí sl. var sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við Alþýðusamband Norðurlands(AN) um fyrirætlanir sambandsins varðandi lóð sveitarfélagsins á Illugastöðum.

Í framhaldi af þeim viðræðum eru lögð fram drög að samkomulagi á milli AN og Þingeyjar- sveitar sem kveða á um forkaupsrétt AN á lóðinni ef til þess kæmi að hún yrði seld. Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir, Knútur Emil Jónasson, Gerður Sigtryggsdóttir.

Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að samkomulagi með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á 1. gr. og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitar- stjórnar.

Samþykkt

9.Samþykkt um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit - 2304022

Lögð fram drög að samþykkt um hunda- og kattahald. Afgreiðslu var frestað á 33. fundi sveitarstjórnar þann 28. september sl.

Eftirfarandi bókun er lögð fram: Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur sveitar- stjóra að senda þau til birtingar í b-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt

10.Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar, ársreikningur og fundargerð- 2309102

Lögð er fram fundargerð stjórnar Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. frá 28. september sl.

Einnig er lagður fram ársreikningur félagsins fyrir árið 2022.

Lagt fram

11.Markaðsstofa Norðurlands - stuðningur við Flugklasann Air66N - 2210005

Lagt fram erindi frá Markaðsstofu Norðurlands vegna stuðnings við Flugklasann Air66N. Til máls tóku: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eypór Kári Ingólfsson

Eftirfarandi bókun er lögð fram: Flugklasinn hefur unnið ótullega að koma á reglubundnu millilandaflugi á Akureyrarflugvöll með það að markmiði að fjölga ferðamönnum á Norður- landi og lengja dvöl þeirra á svæðinu. Því telur sveitarstjórn mikilvægt að styðja við Flugklas- ann Air66N og samþykkir áframhaldandi stuðning við klasann og hvetur sveitarfélög á svæð- inu að gera slíkt hið sama. Samþykkt

12.Vátryggingar - minnisblað - 2306006

Lagt fram minnisblað frá Consello ehf. um niðurstöðu útboðs á vátryggingum sveitar- félagsins. Fjögur tilboð bárust, lægsta tilboðið var frá VÍS og uppfyllir það öll skilyrði út- boðsins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Samþykkt

13.Staða landbúnaðar - bókun - 2310053

Lögð er fram eftirfarandi bókun: "Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir þungum áhyggjum yfir stöðu bænda og íslensks landbúnaðar. Gríðarlegar kostnaðarhækkanir á aðföngum og íþyng- andi vaxtakostnaður hefur gert það að verkum að afkomubrestur er í flestum greinum land- búnaðar.

Landbúnaður er ein af undirstöðuatvinnugreinum í sveitarfélaginu og er mikilvægt að mat- vælaframleiðslu séu skapaðar öruggar rekstraraðstæður til framtíðar.

Mikil sóknarfæri eru í íslenskri matvælaframleiðslu hvort sem litið er til garðyrkju, korn- ræktar eða hefðbundins búskapar enda skiptir innlend matvælaframleiðsla miklu máli þegar kemur að fæðuöryggi þjóðarinnar ásamt því að vera ein af grunnstöðum búsetu í dreifðum byggðum.

Þar skiptir nýliðun í greininni höfuðmáli enda meðalaldur bænda hár, því skiptir höfuðmáli að bæta rekstrarskilyrði bóva, afkomu bænda, viðunandi starfskilyrði og að fjármögnun vegna kaupa á búum sé hreinlega gerleg fyrir fólk sem vill stunda matvælaframleiðslu.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hvetur stjórnvöld til að bregðast strax við þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er í íslenskum landbúnaði. Að óbreyttu er framtíð íslensks landbúnaðar og matvæla- framleiðslu í landinu í hættu eins og bent hefur verið á um nokkurt skeið. Sveitarstjórn Þing- eyjarsveitar skorar á stjórnvöld til að tryggja stuðning við landbúnað til lengri tíma og með því tryggja möguleika á nýliðun í greininni sem og matvælaöryggi þjóðarinnar." Til

máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir, Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda bókun og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri. Samþykkt

14.Byggðarráð - 6 - 2310004F

Lögð er fram fundargerð 6. fundar byggðarráðs frá 2. október sl. Fundargerðin er í 12 liðum. Liður nr. 2 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Lagt fram

14.12310012 - Trúnaðarmál

14.2. 2310016 - Reykjahlíðaskóli - 30 ára afmælishátíð

Til máls tók:Knútur Emil Jónasson

Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðarráðs og samþykkir að styrkja skólann um veitingar vegna afmælishaldsins.

14.3. 2308010 - Seigla

14.4 2310004 - Félag eldri Mývetninga - endurbygging sundlaugar

14.5. 2309118 - Aflið - Styrkbeiðni

14.6. 2309121 - Útivistarstígur við Staðarbraut

14.7. 2310006 - Mývetningur - Íþróttahemili Mývetnings

14.8. 2310001 - Greið leið - aðalfundaboð

14.9. 2309119 - Tillaga til þingsályktunar - 982. mál 153. löggjafarþing

14.10.2310007 - Fjárhagsáætlun 2024

14.11. 2310010 - Þjónustustefna 2024

14.12. 2309113 - Viðbragðsáætlun vegna eldgosa norðan Vatnajökuls

15.Byggðarráð - 7 - 2310008F

Lögð er fram fundargerð 7. fundar byggðarráðs frá 19. október sl. fundargerðin er í 6 liðum. Dagskrárliðir nr. 4 og 5 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Lagt fram

15.1. 2308010 - Seigla

15.2. 2310033 - Brunavarnir - Ársskýrsla 2022

15.3. 2310029 - Barnaborg - öryggismál

15.4. 2310034 - Fjárfestingafélag Þingeyinga - aðalfundaboð 2023

Sveitarstjórn tekur undir bókun Byggðarráðs og felur sveitarstjóra að óska eftir því við Fjárfestingafélag Þingeyjarsveitar að hlutur sveitarfélagsins verði keyptur.

15.5 .2310026 - Tónkvíslin 2023,Til máls tók:Knútur Emil Jónasson

Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðarráðs og felur sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að gera viðauka vegna styrks á þessu ári að upphæð 500.000 sem og að vísa styrkveitingu vegna ársins 2024 til fjárhagsáætlunargerðar.

15.6. 2310035 - Tillaga til þingsályktunar - 315. mál 154. löggjafarþing

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leggja inn umsögn í samræmi við umsögn sem skilað var inn um drög að tillögu um samgönguáætlun sbr. bókun 30. fundar sveitarstjórnar þann 6. júlí sl.

16.Fræðslu- og velferðarnefnd Þingeyjarsveit - 12 - 2310001F

Lögð er fram til kynningar, fundargerð fræðslu og velferðanefndar frá 05.10.2023. Fundargerðin er í fimm liðum, liðir nr. 3, 4 og 5 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lagt fram

16.1. 1801013 - Reykjahlíðarskóli Skólustarf

16.2. 2209028 - Ný skólastefna Þingeyjarsveitar

16.3. 2310015 - Sérstakur húsnæðisstuðningur - Reglur, Til máls tók:

Knútur Emil Jónasson. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning og felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að birta þær á heimasíðu sveitarfélagsins.

16.4. 2308025 - Barnaverndarþjónusta - Norðurþing

Sveitarstjórn samþykkir áframhaldandi samstarf um barnaverndarþjónustu við Norðurþing.

16.5. 2211033 - Þjónusta samkvæmt lögum um samþættingu í þágu farsældar barna. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs að óska eftir framlengingu á viðauka við samning um þjónustu vegna laga um þjónustu í þágu farsældar barna.

17.Fjárfestingafélag Þingeyinga - hlutafjárkaup - 2310051

Lögð fram aðalfundargerð og ársreikningur Fjárfestingafélags Þingeyinga hf. Einnig lagt fram erindi þar sem Fjárfestingarfélag Þingeyinga býðst til að kaupa bréf Þingeyjarsveitar á nafnvirði sem er kr. 2,679,059 og gildir það tilboð til föstudagsins 3 nóvember n.k. kl. 12 á hádegi. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf. í bréf Þingeyjarsveitar í félaginu og felur sveitarstjóra að ganga frá sölunni. Samþykkt

18.Íþróttá-, tómsunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveit - 11 - 2310006F

Lögð er fram til kynningar, fundargerð 11. fundar íþróttá-, tómsunda- og menningarnefndar frá 10. október 2023. Fundargerðin er í fjórum liðum, liðir nr. 1 og 2 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Lagt fram

18.1 .2306003 - Rafrænt skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar

Til máls tók: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Samkvæmt greinargerð sem fylgdi erindinu verður óskað eftir styrk frá sveitarfélögum á starfssvæði HSP til að standa straum af kostnaði við Sportabler sem er rafrænt skráningarkerfi sem heldur m.a. utan um félagatal, æfingar, æfingagjöld og skráningar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er hlutur Þingeyjarsveitar kr. 298.345 þúsund kr. á ári. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að styrkja HSP að því gefnu að önnur sveitarfélög á starfssvæðinu geri slíkt hið sama. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að afla upplýsinga um þátttöku annarra sveitarfélaga.

18.2.2310022 - Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs - Umsóknir 2023

Sveitarstjórn staðfestir styrkafgreiðslur nefndarinnar samkvæmt ofangreindu.

Hvað varðar tillögu nefndarinnar um samstarfssamninga við íþróttá- og ungmennafélög þá felur sveitarstjórn sviðsstjóra fjölskyldusviðs að taka saman upplýsingar um styrki og samstarfssamninga við íþróttá- og ungmennafélög í sveitarfélaginu og felur íþróttá- og tómsundanefnd að hefja vinnu við samræmingu.

18.3. 2310021 - Íþróttamiðstöð Reykjahlíðar - hugmyndavinna og reglur

18.4. 2211035 - Akstur í félagsstarf ungmenna

19.Skipulagsnefnd - 17 - 2309004F

Lögð er fram til kynningar, fundargerð 17. fundar skipulagsnefndar frá 27. september sl. Fundargerðin er í einum lið sem þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lagt fram

19.1 2309003 - Aðalskipulag Norðurþings - umsögn

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

20. Umhverfisnefnd - 10 - 2310003F

Lögð er fram til kynningar, fundargerð 10. fundar umhverfisnefndar frá 12. október sl. Fundargerðin er í tveim liðum, liður nr. 1 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lagt fram

20.1 2309045 - Tilnefningar til umhverfisverðlauna 2023

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu umhverfisnefndar.

20.2 2310028 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Þingeyjarsveit

21. Skipulagsnefnd - 18 - 2309005F

Lögð er fram til kynningar, fundargerð 18. fundar skipulagsnefndar frá 10. október sl. Fundargerðin er í fjórum liðum, liðir 1,2 og 4 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lagt fram

21.1 2309105 - Hvítbók um skipulagsmál - beiðni um umsögn

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn athugasemd í samræmi við bókun nefndarinnar.

21.2 2310011 - Breyting á gunnvatnstöku á Þeistareykjum - mál nr. 06752023

Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir, Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

21.3 2310027 - Klappahraun 6 - beiðni um heimild til breytingar á deiliskipulagi

21.4 2305022 - Sandabrot - beiðni um breytingu á aðalskipulagi

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæðis að Sandabroti, Mývatnssveit í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

21.5 2310042 - Fosshótel á Flatskalla - áningarstaður

22. Öldungaráð - fundargerð - 2310032

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 2. og 3. fundar öldungaráðs. Lagt fram

23. Samband íslenskra sveitarfélaga - Fundargerðir – 2306029

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 934. og 935. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram

24. Fundir stjórnar SSNE 2022-2026 - 2209048 Lögð fram til kynningar fundargerð 55. fundar stjórnar SSNE. Lagt fram

25. Innviðaráðuneytið - Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga og leiðbeiningar um framkvæmd - 2310045

Lagt fram bréf frá innviðaráðuneytinu dags. 18. október sl. þar sem ráðuneytinið vekur athygli á því að ný reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 hefur tekið gildi. Reglugerðin fjallar um íbúakosningar á grundvelli 133. gr. sveitarstjórnarlaga sem ekki fara fram með rafrænum hætti. Reglugerðin hefur það markmið að einfalda og minnka umfang íbúakosninga sveitarfélaga og auka vald sveitarfélaga hvað kosningarétt varðar í ráðgefandi íbúakosningum. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að auka lýðræðisþátttöku og sjálfbærni sveitarfélaga og þannig efla sveitarstjórnarstigið í heild. Lagt fram

Fundi slitið kl. 15:21.

VALTÝR PÉTURSSON 2. nóvember 2023 - 30. nóvember 2024

ÞÉR ER BOÐIÐ Á AÐVENTUOPNUN Í SAFNAHÚSINU Á HÚSAVÍK
laugardaginn 2/12 kl. 14

Verið velkomið!
Lættar veitingar í boði

UMRÆÐUR OG RIFRILDI

Þann 8. nóvember 1980 færði listmálarinn Valtýr Pétursson Safnahúsinu á Húsvík 22 myndlistarverk að gjöf sem jafnframt voru veigamesta gjöfin í söfnun Myndlistarsafns Þingeyinga. Sýning á þessum einstöku verkum var opnað á fyrsta starfsári Safnahússins, nánar tiltekið í nóvember 1980, í myndlistarsalnum á 3. hæð sem heitgaður var myndlist frá upphafi.

Við endurtökuum nú leikinn og sýnum aftur 22 dýrmeist verk Valtýs Péturssonar, sem við vonumst til að „veki bæði umræður og rifrildi í Þingeyjarþýslum“, eins og hann sjálfur komst að orði í ávarpi sem hann flutti við opnun sýningarinnar fyrir 43 árum. Verkin eru fjölbreytt, unnin á tímabilinu frá 1946 til 1978 og ná því yfir mestallan feril listamannsins.



Auglýsing um lóð við Bræðrafell

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir eftir aðila til að nýta lóð við Bræðrafell í Ódáðahrauni. Lóðin er afmörkuð innan þjóðlendunnar „Þjóðlenda í Ódáðahrauni“ og hefur verið stofnuð í fasteignaskrá. Um er að ræða 900 m² lóð sem ber heitið „Bræðrafell“ með landnúmerinu 222532. Lóðin er afmörkuð á grundvelli gildandi aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 (sem er nú hluti af aðalskipulagi Þingeyjarsveitar). Á lóðinni stendur einn gönguskáli sem í skipulagi er merktur 506-F. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs www.vjp.is

Áhugasamir aðilar eru vinsamlegast beðnir um að senda tillögu að notkun á umræddu svæði til Vatnajökulsþjóðgarðs á netfangið leyfi@vjp.is, eigi síðar en 15. desember nk. kl. 15:00. Vatnajökulsþjóðgarður áskilur sér rétt að hafna þeim tillögum sem berast.



Sunnudagaskóli Einarstöðum

Sunnudagaskóli undir stjórn sr. Sólveigar Höllu Kristjánsdóttur verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag, 3. desember kl. 11:00. Söngur biblúsaga, leikur, bæn og samtal og bænakrukkur skreyttar.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Séra Þorgrímur.

Aðalfundur

Veiðifélags Fnjóskár fyrir árið 2022

Verður haldinn í Skógum Fnjóskadal, miðvikudaginn 6. desember 2023 og hefst hann kl. 20:00.

Dagskrá: Hefðbundinn aðalfundarstörf.



ORKURANNSÓKNASJÓÐUR

Styrkir til að stuðla að grænni heimi

Eitt stærsta verkefni okkar er að skila jörðinni til komandi kynslóða í jafn góðu eða betra ástandi en við tókum við henni. Nútíminn kallar á grænar lausnir til að ná þessu takmarki, og ein stærsta græna lausnin er orkuvinnsla úr auðlindum sem endurnýja sig og valda lítilli losun á gróðurhúsalofttegundum.

Rannsóknaverkefni sem tengjast orku- og umhverfismálum geta skipt sköpum í leitinni að þessum grænu lausnum og Orkurannsóknasjóður styður við slík verkefni á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

Við auglýsum nú eftir umsóknum um styrki frá sjóðnum.

Umsóknarform og allar upplýsingar eru á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur

Umsóknarfrestur er til og með

12. Janúar 2024.

Brúarkvöld

Ina kvenskörungur

Árið 1908 kom ung þýsk kona til landsins í leit að unnusta sínum, sem týndist í Öskju. Hún ferðaðist 1.500 km á hestbaki um hálendið í ferð sinni. Hennar er hvergi minnst-nema í bók sem hún skrifaði, Ísafold. Dagmar Trodler rithöfundur segir frá leitar- og ferðasögu Inu von Grumbkov með nútíma augum og setur afrek hennar í sögulegt samhengi.

Fimmtudagskvöldið 30. nóvember kl. 20:00 í Breiðumýri.

Óbyggðirnar kalla

Allmiklar minjar um byggð finnast á hálendinu inn af Bárðardal, sérstaklega suður með Skjálfandfljóti, í Krókdal. Rannsóknir sýna að þar hafi verið búseta á 10. öld. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur segir frá rannsóknum sem þar hafa verið gerðar og leiðir viðstadda um horfnar byggðir.

Fimmtudaginn 7. desember kl. 18:00 í Kiðagili.

Brúarkvöld er röð samverustunda þar sem fræðimenn, nemar og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif og er vettvangur til að kynna ýmis verkefni sem unnin eru hér á svæðinu. Brúarkvöld eru styrkt af SSNE.



Sjáumst sem flest!!!

Jólastund á Gíg 7. desember



Starfsfólk á Gíg býður í jólaföndur og almenn jóla huggulegheit fimmtudaginn 7. desember á milli klukkan 16-19.

Hlökkum til að sjá ykkur stór og smá.

Jólakveðjur frá Gíg

Myndlistarsýning heimafólks

Okkur á Gíg langar til að setja upp myndlistarsýningu heimafólks og hafa uppi í nokkra mánuði á meðan unnið er að varanlegri sýningu hér á gestastofunni.

Við vitum að til eru ógrynni af listaverkum af náttúru svæðisins, mikið af afar hæfileikaríku fólki og jafnvel upprennandi listamenn sem gætu látið ljós sitt skína.

Ef þið lumið á listaverkum af svæðinu, ykkar eigin verk eða annarra, úr allri Þingeyjarsveit sem og af Norður hálandinu þá þætti okkur mjög vænt um ef þið væruð til í að lána okkur myndirnar til að geta gert þessa hugmynd okkar að veruleika.

Ef þið hafið einhverjar frekari spurningar eða eigið listaverk sem þið væruð til í að lána okkur ekki hika við að hafa samband við Huldu í síma 470-7110 eða á netfangið hulda.m.thorlaksdottir@vjp.is



Aðventustund Þóroddsstað

Aðventustund verður á Þóroddsstað næstkomandi sunnudag,
3. desember klukkan 15:00.

Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur.

Ræðumaður verður Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Á eftir verður Karitasarkaffi.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.

Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla



Upplstrar- og þrjónakaffi

verður fimmtudagskvöldið 30. nóvember

kl. 19:30 – 21:30

Komum saman og eigum notalega stund

Sjáumst á safninu!



Aðventustund í Reykjahlíðarkirkju

3. desember

Við komum saman í Reykjahlíðarkirkju sunnudaginn 3. desember á fyrsta degi
aðventu klukkan 20:00, kveikjum á aðventukerti og syngjum saman jólalögin.

Verið velkomin öll, ung sem og eldri og njótum aðventunnar.

sr. Örnólfur



Jólamarkaður í Vaglaskógi

*Hinn árlegi jólamarkaður verður í Vaglaskógi
laugardaginn 9. Desember frá kl. 13.-17.*

Ýmiskonar handverk, matvara og fleira til sölu.

*Einnig verður hægt að kaupa jólatré, greinar, arinvið og
fleira úr Vaglaskógi.*

*Nemendur úr Stórutjarnaskóla verða með kaffisölu
fyrir ferðasjóð sinn.*

Sjáumst í jólaskapi í skóginum!

Skógræktin Vöglum.



Kökubasar – lukkupakkar



Kökubasar Kvenfélags Reykdæla verður haldinn á Breiðumýri
laugardaginn 9. desember kl. 14.00.

Til sölu verður bakkelsi af ýmsu tagi auk lukkupakka.

Lifandi tónlist og boðið verður uppá kaffi og smákökur.

Hlökkum til að sjá ykkur, eigum notalega stund saman.

Kvenfélag Reykdæla